



Fundur í skólaráði Grunnskóla Borgarfjarðar haldinn á Varmalandi og á Teams 25.október 2022

Mætt: Eva Ösp Matthíasdóttir, Erna Guðný Jónsdóttir og S'oley Birna Baldursdóttir fulltrúar foreldra, Elísabet Halldórsdóttir og Lára Kristín Gísladóttir fulltrúar kennara, Lilja Gissuradóttir fulltrúi annars starfsfólks, Jón Bjarni Guðmundsson fulltrúi nemanda og Ingibjörg Adda Konráðsdóttir aðstoðarskólastjóri. Alex Þór Gíslason annar fulltrúi nemanda mætti ekki.

Ingibjörg bauð fundarmenn velkomna og allir kynntu sig, síðan var gengið til dagskrár.

1. Nýir skólaráðsfulltrúar boðnir velkomnir og farið yfir hlutverk skólaráðs og drög að starfsáætlun þess. Aðeins einn fulltrúi í skólaráði, Sóley Birna, sat í því síðasta ár. Því var farið vel yfir hlutverk ráðsins og þau drög að dagskrá sem fyrir liggur. Ef erindi berst til ráðsins eða ef eitthvað það gerist sem krefst aðkomu þess þá mun verða boðað til aukafundar.

2.Upphaf skólaársins. Í haust byrjuðu 159 nemendur 28 á Hve, 38 á Varmalandi og 93 á Kljr

Breytingar hafa orðið á fjölda nemenda, þeim hefur fjölgað og fjöldi nemenda frá Úkraínu verið nokkuð breytilegur.

Starfið fór vel af stað og hafa reglubundinir vöburðir verið haldnir eins og hópeflisferð unglínganna, mið- og yngstastigsleikar. Þemadagar og foreldraviðtöl gengu vel .

Aukið var við stjórnun skólans þegar ráðin var inn deildarstjóri sérkennsla María Jónsdóttir. Allir kennarar kenna/vinna í teyllum og er velferðarkennsla í skólanum öllum og sinnir sá kennari einnig styrkleikaþjálfun. Við skólann starfar líka þroskaþjálfari og áfram er kynfræðsla á mið- og unglíngastigi vel sinnt

Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á Kljrá næstu árum en þar hefur verið þröngt um nemendur vegna þess hve stór hluti húsnæðisins var dæmdur ónothæfur vegna myglugróa eða annar óværu. Þar eru nú komnar 2 færnlegar skólastofur. Yngsta stigið er í annarri en ekki verið tekin endanleg ákvörðun um hvaða námshópur mun verða í hinni.

Ábending kom fram frá foreldrafulltrúa að nauðsynlegt sé að huga vel að upphafi skólagöngu 1.bekkar og fræða foreldra vel um skipulag starfsins og kennsluhætti. Einnig þyrftu foreldrar að fá námskeið um notkun Mentor-kerfisins

3.Starfsáætlun GBF 2022-2023 lögð fram til samþykktar.

Umræður :

- Mismunur á verkgreinakennslu á milli deilda, t,d, ekki smíðakennsla eða heimilisfræði fyrir alla nemendur á öllum deildum.
- Vantar netföng stjórnarmanna foreldrafélagsins

- Hugmynd kom fram um hvort foreldrar mættu koma með fræðslu inn í skólann um einelti.

Starfsáætlunin samþykkt.

4.Ársskýrsla og sjálfsmatsskýrsla 2021-22 lagðar fram til kynningar.

5.Önnur mál. Engin.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir ritaði fundargerð.